
Breikkun Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi að Hólmsá, Reykjavík og Mosfellsbæ Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 20. maí 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi að Hólmsá, innan Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.07 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Samgöngustofu, Skógræktarinnar og Veitna ohf.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Breikkun Suðurlandsveggar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Tillaga að matsáætlun. Vegagerðin maí 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Reykjavíkurborg dags. 8. júní 2020,
- Mosfellsbæ dags. 11. júní 2020,
- Fiskistofu dags. 8. júní 2020,
- Hafrannsóknastofnun dags. 10. júní 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 16. júní 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis dags. 25. júní 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 10. júní 2020,
- Minjastofnun Íslands dags. 29. maí 2020,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 9. júní 2020,
- Umhverfisstofnun dags. 3. júní 2020,
- Samgöngustofu dags. 18. júní 2020,
- Skógræktinni dags. 12. júní 2020,
- Veitum ohf. dags. 9. júní 2020.

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Gylfa Sigurðssyni, Eddu Pétursdóttur og Guðrúnu Svanborgu Hauksdóttur dags. 2. júní 2020,
- Rögnu Björgu Ársælsdóttur dags. 26. maí 2020,
- Skógræktarfélagi Reykjavíkur dags. 8. júní 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 9. október 2020.



3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Vegagerðarinnar eru kynnt áform um tvöföldun Suðurlandsvegjar frá Bæjarhálsi að Hólmsá og gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Vegagerðarinnar eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Vatnsvernd

Í tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun kemur fram að breikkun Suðurlandsvegjar fari um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Fjallað verður um vatnsvernd og þau ákvæði sem uppfylla þarf á framkvæmdasvæðinu innan vatnsverndarsvæða á framkvæmda- og rekstartíma og hvernig vegurinn hefur áhrif á vatnsverndina. Lagt verður mat á áhættu vegna umferðar og einnig verður lagt mat á mögulega tíðni umferðaróhappa. Fjallað verður um þær lausnir sem mögulegar eru til að draga úr hættu á mengun vegna umferðar og flutnings á hættulegum efnum sem og viðeigandi mótvægisáðgerðir í tilfalli umferðaróhappa. Fjallað verður um nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna framkvæmda við ána og þörf á vöktun á meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim lýkur.

Veitur ohf. leggja áherslu á í umsögn sinni að heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2015 og tilsvarende heilbrigðissamþykkt um landnotkun verði útgangspunktur matsvinnunnar og umfjöllun um fjarsvæði B verði í samræmi við nýjustu samþykkt og heimildir. Veitur ohf. benda á að fyrirætlanir um breytta útfærslu Suðurlandsvegjar gangu ekki inn í ferli heildarendurskoðunar vatnsverndar árið 2015. Mikilvægt er því að kanna hvort þær fyrirætlanir breyti mögulega forsendum vatnsverndar en í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að allar framkvæmdir á eða við vatnsverndarsvæðið séu metnar með þessu tilliti. Veitur ohf. benda auk þess á að mikilvægt er að í frummatsskýrslu verði ítarleg umfjöllun um mengunarhættu vegna framkvæmda og reksturs vegarins, þ.e. umferð vinnuvéla, notkun mengunarefna, bílaumferð og möguleg slyss á framangreindum þáttum. Sú umfjöllun þarf einnig að ná yfir breytingar á umferð á framkvæmdatíma.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir athugasemd við aldur þeirra gagna sem vísað sé til í tillögu að matsáætlun. Bendir eftirlitið á að nýjar upplýsingar hafa m.a. komið fram um streymi yfirborðsvatns frá fyrirhuguðu athafnasvæði á Hólmsheiði og geta þær upplýsingar haft áhrif á fyrirhugaða framkvæmd. Eftirlitið bendir á að fjalla þarf sérstaklega um mengunarvarnir á vegöxlum og hvernig verði staðið að vöktun á áhrifum framkvæmdarinnar á Hólmsá/Bugðu og vatnsverndarsvæðið, bæði á framkvæmdatíma og á rekstartíma vegarins.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að vegurinn þurfi að vera öruggur með tilliti til vatnsverndar með hliðsjón af því að hann liggur um öryggissvæði vatnsverndar.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að byggt verði á gögnum sem aflað var vegna fyrri umhverfismats en einnig nýrri gögnum ef þau liggja fyrir eða talin þörf á að uppfæra eldri gögn. Unnið verði áhættumat vegna vatnsverndar og verður það gert samhliða ferli við umhverfismat. Fjallað verður í frummatsskýrslu um atriði við hönnun vegarins sem minnka hættu á mengunarslysum, svo sem notkun vegriða, sem og atriði í umhverfi vegarins sem áhrif hafa á mengunarhættu, svo sem jarðfræði og grunnvatnsstrauma. Fjallað verður um mögulegar aðferðir til mengunarvarna, s.s. notkun á sérvöldum jarðvegi í fláa og miðdeili, og notkun settjarna. Kannað verður hvort breikkun Suðurlandsvegjar hafi áhrif á forsendur vatnsverndar.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan vatnsverndarsvæðis þaðan sem stór hluti höfuðborgarbúa fær vatn sitt. Ljóst er að áhrif þess að mengun berist í vatnsból á svæðinu geta verið afar slæm og því ríkir hagsmunir af því að fjallað verði með ítarlegum hætti um möguleg áhrif framkvæmdar á vatnsvernd og mótvægisáðgerðir.



Mat á áhrifum á vatnsvernd skal m.a. byggja á áhættumati vegna vatnsverndar. Frummatsskýrslu skal fylgja drög að áhættumati vegna vatnsverndar. Ekki er þörf á að fullvinna áhættumatið þar sem tiltekna upplýsingar munu ekki liggja fyrir fyrr en verkið hefur verið boðið út. Þó er þörf á að vinna áhættumatið eins langt og mögulegt er án þess að leyfi liggja fyrir. Meta þarf dreifingu mengunarefna, t.a.m. vegna olíuleka, og líkur á óhöppum og afleiðingar þeirra.

Gera þarf grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum á sviði vatnsverndar og reynslu af sambærilegum áðgerðum.

Jafnframt þarf að gera grein fyrir hver áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar er á forsendur vatnsverndar sbr. endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2015.

Fornleifar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að árið 2010 var gerð úttekt á fornleifum á svæðinu og þær upplýsingar voru teknar saman af Minjasafni Reykjavíkur. Útbúin verða kort sem sýna legu minja m.t.t. vegarins og grein gerð fyrir niðurstöðum þessara skráninga og lagðar til mótvægisáðgerðir ef nauðsyn þykir.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að uppfæra þurfi skráninguna frá 2010 í samræmi við staðla stofnunarinnar. Mikilvægt sé að setja útlínur minja inn á loftmynd/kort þar sem afmörkun fyrirhugaðar framkvæmdar eru einnig sýnd. Fjalla þurfi um áhrif framkvæmdarinnar á minjarnar og gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óskað hafi verið eftir uppfærslu skráningar fornminja og hófst sú vinna sumarið 2020. Í frummatsskýrslu verður umfjöllun um áhrif á fornminjar því byggð á nýuppfærðri skráningu.

Umfjöllun um áhrif á fornminjar í frummatsskýrslu þarf að byggja á skráningu fornminja sem samræmist núverandi stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Landslag og sjónrænir þættir

Í tillögu Vegagerðarinnar kemur fram að í frummatsskýrslu verður fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og áhrif hennar á landslag. Í þeim tilgangi verða sýndar líkanmyndir af völdum stöðum og mislægum vegamótum og mat lagt á sýnileika framkvæmdarinnar. Við mat á áhrifum á landslag og sjónræna þætti verður greint frá mögulegum mótvægisáðgerðum.

Í tillögu Vegagerðarinnar er sett fram knöpp lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á áhrifum framkvæmdar á landslag og ásýnd. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér umfangsmikla mannvirkjagerð í nágrenni við íbúabyggð, vinsæl útivistarsvæði og friðlýstan fólkvang. Í tillögu Vegagerðarinnar að í mörgum tilvikum liggja ekki fyrir endanleg útfærsla á vegamótum. Skipulagsstofnun áréttar að vanda þarf valið á sjónarhornum til að sýna ásýndarbreytingar og leggur stofnunin áherslu á að færð verði rök fyrir völdum sjónarhornum í frummatsskýrslu. Val á sjónarhornum skal byggja á sýnileikagreiningu. Ásamt líkanamyndum af valkostum til umfjöllunar þarf að sýna ljósmyndir af núverandi aðstæðum frá sama sjónarhorni til samanburðar.

Hafa þarf samráð við Skipulagsstofnun um val á sjónarhornum og framsetningu mats á áhrifum á landslag og ásýnd, áður en frummatsskýrslu er skilað inn samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000.

Hljóðvist

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þétt byggð er við framkvæmdasvæðið við Selás og Norðlingaholt. Hljóðstig er hæst við húsvegg hjá húsum við Viðarás á bilinu 50-65 dB. Viðmiðunargildi samkvæmt reglugerð er 55 dB. við húsvegg. Hljóðstigið í Rauðavatnsskógi næst veginum er yfir þeim mörkum sem sett er í reglugerð fyrir útivistarsvæði. Hljóðstig á stígum meðfram Rauðavatni vestanverðu er einnig yfir mörkum. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir



hljóðvistarútreikningum m.t.t. ákvæða reglugerðar um hávaða. Gerð verður grein fyrir núverandi hljóðvist og mögulegum mótvægisáðgerðum. Einnig verður gerð grein fyrir hljóðvist mismunandi valkosta.

Reykjavíkurborg leggur til að við mat á áhrifum á hljóðvist sé einnig horft til þess hvort og hvernig hávaði vegna umferðar og aukinnar nálægðar við hana, geti haft áhrif á fuglalíf á Rauðavatni og Bugðu/Hólmsá sem og á umferð hesta.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað er að lagt verði mat á hljóðvist við Rauðavatn og Bugðu/Hólmsá með tilliti til hvort hljóðvist þar fari yfir leyfileg mörk á útivistarsvæðum. Hvorki er fyrirhugað að gera rannsóknir á áhrifum hljóðmengunar á fuglalíf á Rauðavatni og Bugðu/Hólmsá, né á umferð hesta.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvort hljóðvist fari yfir leyfileg mörk á útivistarsvæðum.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í 1. og 2. áfanga framkvæmdarinnar sé áformað að breikka Suðurlandsveg frá Bæjarhálsi að Hólmsá án mislægra vegamóta. Í áföngum 3-5 sé áætlað að byggja mislæg vegamót við Breiðholtsbraut, Norðlingavað og Hafravatsveg. Gert er ráð fyrir að áfangar 1-2 fari fram á tímabilinu 2024-2028. Óvissa er uppi um hvenær framkvæmdir hefjast við áfanga 3-5 en þeir eru ekki inn í samgönguáætlun sem gildir til 2033.

Vegagerðin áformar að fjalla eingöngu um valkosti sem varða mismunandi útfærslu vegamóta við Breiðholtsbraut, Norðlingavað og Heiðmerkurveg.

Vegamót við Breiðholtsbraut

Rauðavatn nýtur sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Forðast ber að raska vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Þá er Rauðavatn fjölsótt útivistarsvæði og er vatnið ásamt nánasta umhverfi skilgreint sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Þrír valkostir eru lagðir fram varðandi vegamót Suðurlandsvegar og Breiðholtsbrautar við Rauðavatn. Í umsögn Reykjavíkurborgar er bent á að allir framlagðir kostir gera ráð fyrir landfyllingu út í Rauðavatn og frekari skerðingar á vatninu væru líklegar til að valda tjóni á búsvæðum. Því væri eðlilegt að ræða möguleika á að sleppa fyllingu þó það gæti þýtt breytingu á legu vegarins. Í svörum Vegagerðarinnar segir að við skoðun á mögulegum útfærslum á legu Suðurlandsvegar hafi ekki fundist ásættanleg útfærsla með tilliti til umferðaröryggis þar sem ekki er þörf á fyllingu út í Rauðavatn.

Skipulagsstofnun tekur undir með Reykjavíkurborg að eðlilegt sé að skoða möguleika á að sleppa fyllingu. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um þá möguleika sem skoðaðir hafa verið varðandi legu Suðurlandsvegar við vegamót við Breiðholtsbraut og færa rök fyrir því að ekki sé hægt að koma veginum fyrir án landfyllinga út í Rauðavatn. Jafnframt þarf að fjalla um og bera saman valkost sem felur ekki í sér mislæg gatnamót á staðnum, þ.e. útfærslu vegamóta í samræmi við 1. áfanga framkvæmdarinnar.

Vegamót við Norðlingavað og Hafravatsveg

Í tillögu Vegagerðarinnar segir að í 1. áfanga verður núverandi hringtorg við Norðlingavað tvöfaldað. Aðlagga þurfi tvöfaldan veg að hringtorginu og framlengja undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vestan við hringtorgið. Í 4. áfanga verði vegamótin gerð mislæg og fyrirhugað sé að fjalla um tvo valkosti fyrir vegamót við Norðlingavað. Annars vegar brú yfir Suðurlandsveg með hringtorgi eða dropa hvoru megin við veginn. Hins vegar mislæg vegamót með hringtorgi á brúm yfir Suðurlandsvegi.



Þá kemur fram í tillögu Vegagerðarinnar að í 2. áfanga sé gert ráð fyrir að byggt verði nýtt tvöfalt hringtorg á vegamótum við Hafravatnsveg. Í 5. áfanga sé gert ráð fyrir að aðaltengingin verði um mislæg vegamót Hafravatnsvegar aðeins austan við núverandi vegamót. Samkvæmt tillögu að matsáætlun verður eingöngu einn valkostur til skoðunar varðandi vegamót við Hafravatnsveg. Mun hann fela í sér mislæg vegamót með hringtorgi á tveimur brúm yfir Suðurlandsveg.

Í tillögu Vegagerðarinnar segir að ekki liggi fyrir hvenær farið verði í framkvæmdir við ofangreind vegamót. Að auki liggi endanleg hönnun vegamótanna ekki fyrir.

Með tilliti til staðsetningar framkvæmdar og í ljósi þess að mögulegar útfærslur geta falið í sér töluverða mannvirkjagerð ásamt því að óvissa er uppi um tímasetningu 3.-5. áfanga þarf í frummatsskýrslu að fjalla um valkosti sem fela ekki í sér mislæg gatnamót við Norðlingavað og Hafravatnsveg, þ.e. úrfærslu vegamóta í samræmi við uppbyggingu 1.-2. áganga.

Legu Suðurlandsvegar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að við gerð frumdraga frá 2002 fyrir breikkun Suðurlandsvegar milli vegamóta við Norðlingaholt og vegamóta við Hafravatnsveg voru fjórir valkostir fyrir breikkun vegarins út frá núverandi veglínu skoðaðir. Einn af þessum valkostum hefði haft þau áhrif að breyta hefði þurft legu Bugðu. Honum var því hafnað af umverfisástæðum. Í tveimur valkostum var skoðað að færa veglínu að hluta eða öllu leyti norður fyrir Bugðu. Það hefði leitt til verri vegferils, mikilla fyllinga og skeringa, meira umfangs framkvæmdanna og meiri kostnaðar. Þeim hugmyndum var því hafnað þar sem framkvæmdirnar hefðu meira rask á umhverfi í för með sér en að breikka út frá núverandi legu vegar. Eftir að lagt hafði verið mat á áhrif þessara mismunandi valkosta á umhverfið var sá kostur sem hafði minnst áhrif valinn til nánari útfærslu og er hann hér til umfjöllunar.

Reykjavíkurborg telur á að ekki ætti að útiloka fyrir fram valkost sem felur í sér færslu á veglínu að hluta eða öllu leyti norður fyrir Bugðu. Bera ætti saman slíkan valkost til jafns við þá sem lagðir eru til. Í það minnsta væri jákvætt að í frummatsskýrslunni verði ítarlegri umfjöllun um þessi þekktu umhverfisáhrif til að rökstyðja betur hvers vegna þessi kostur er ekki lengur til skoðunar þar sem ljóst er að hann er bæði fjarri legu Bugðu og vatnsverndarsvæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að gera ætti grein fyrir fleiri valkostum fyrir legu vegarins þar sem með flutningi vegstæðis mætti færa veginn út af vatnsverndarsvæðinu eða á stað þar sem hann ógnar síður öryggi þess.

Veitur telja einnig að fjalla ætti um mismunandi valkosti fyrir legu vegarins og þeir bornir saman með tilliti til umhverfisáhrifa og gerð verði grein fyrir hvernig val á vegstæði og hönnun vegar takmarki hættu á mengun til verndarsvæða.

Skipulagsstofnun telur í ljósi mikilla hagsmuna með tilliti til vatnsverndarsjónarmiða þörf á því að í frummatsskýrslu verði fjallað með ítarlegum hætti um þá valkosti sem skoðaðir hafa verið varðandi legu vegarins og útilokaðir á fyrri stigum. Færa þarf rök fyrir völdum kosti á grundvelli umhverfisáhrifa.

Umhverfisþættir til samanburðar

Í tillögu Vegagerðarinnar segir að mat verði lagt á rýmisþörf mismunandi valkosta, áhrif á landslag og sjónræna þætti, samgöngur og umferðaröryggi. Skipulagsstofnun bendir á að fjalla beri um áhrif ólíkra valkosta á alla þá umhverfisþætti sem þeir geta haft áhrif á, enda ekki útilokað að áhrif á umhverfisþætti eins og vatnsvernd og útivist séu að einhverju leyti mismunandi eftir valkostum.

Samlegðaráhrif

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum ber að leggja mat á samlegðaráhrif. Í tilfelli fyrirhugaðrar tvöföldunar Suðurlandsvegar varðar það sérstaklega mat á samlegðaráhrifum með framangreindum áformum um framkvæmd og uppbyggingu innan og í grennd við



vatnsverndarsvæðið. Leggja þarf mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðrar vegagerðar og þeirra uppbyggingar sem á sér stað og er fyrirhuguð skv. skipulagi norðan við núverandi vegstæði Suðurlandsvegur og áhrifa þess á stöðu vatnsverndar á svæðinu.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum á vatnsvernd m.a. byggða á áhættumati vegna vatnsverndar. Frummatsskýrslu skal fylgja drög að áhættumati vegna vatnsverndar. Ekki er þörf á að fullvinna áhættumatið þar sem tiltekna upplýsingar munu ekki liggja fyrir fyrr en verkið hefur verið boðið út. Þó er þörf á að vinna áhættumatið eins langt og mögulegt er án þess að leyfi liggja fyrir. Meta þarf dreifingu mengunarefna, t.a.m. vegna olíuleka, og líkur á óhöppum og afleiðingar þeirra.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum á sviði vatnsverndar og reynslu af sambærilegum aðgerðum.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hver áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar er á forsendur vatnsverndar sbr. endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2015.
4. Í frummatsskýrslu þarf umfjöllun um áhrif á fornminjar að byggja á skráningu fornminja sem samræmist núverandi stöðlum Minjastofnunar Íslands.
5. Hafa þarf samráð við Skipulagsstofnun um val á sjónarhornum og framsetningu mats á áhrifum á landslag og ásýnd, áður en frummatsskýrslu er skilað inn samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvort hljóðvist fari yfir leyfileg mörk á útivistarsvæðum.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um þá möguleika sem skoðaðir hafa verið varðandi legu Suðurlandsvegur við vegamót við Breiðholtsbraut og færa rök fyrir því að ekki sé hægt að koma veginum fyrir án landfyllinga út í Rauðavatn. Jafnframt þarf að fjalla um og bera saman valkost sem felur ekki í sér mismislag gatnamót á staðnum, þ.e. útfærslu vegamóta í samræmi við 1. áfanga framkvæmdarinnar.
8. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um valkosti sem fela ekki í sér mismislag gatnamót við Norðlingavað og Hafravatnsveg, þ.e. úrfærslu vegamóta í samræmi við uppbyggingu 1.-2. áganga.
9. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein og leggja mat með ítarlegum hætti um þá valkosti sem skoðaðir hafa verið varðandi legu vegarins og útilokaðir á fyrri stigum. Færa þarf rök fyrir völdum kosti á grundvelli umhverfisáhrifa.
10. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðrar vegagerðar og þeirra uppbyggingar sem á sér stað og er fyrirhuguð skv. skipulagi norðan við núverandi vegstæði Suðurlandsvegur og áhrifa þess á stöðu vatnsverndar á svæðinu.



Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 18. janúar 2021.

Reykjavík, 15. desember 2020

Egill Þórarinsson

Jón Smári Jónsson